

# Röggur

## Nettímarit um leikskólastarf


Ritstjórn og ábyrgðarmenn

Guðrún Alda Harðardóttir [guðrun@unak.is](mailto:guðrun@unak.is) Kristín Dýrfjörð [dyr@unak.is](mailto:dyr@unak.is) Sigríður Síta Pétursdóttir [sita@unak.is](mailto:sita@unak.is)

6.árg. 1.tbl.

2005

### Ávarp



Langt er síðan síðasta eintak af Rögg kom út og sjálfsagt margir orðnir langeygir eftir blaði. En nú er sem sagt 1. tölublað í 6.árgangi komið út. Að vanda er blaðið fjölbreytt, þar er að finna grein um notkun netsins í leikskólastarfi byggða á könnun sem gerð var meðal íslenskra leikskólakennara, grein um hvernig leikskólakennarinn getur notað eigin áhuga ásamt áhuga barnanna til að rannsaka og læra. Í ritinu er einnig að finna grein um faglega leiðtogann. Að lokum er lítil saga af ungri konu sem sjálfsagt margir kannast við.

Skólaþróunarsvið og leikskólabraut Háskólans á Akureyri stóðu fyrir 100 manna námstefnu í leikskólanum Stekkjarási Hafnarfirði, 7. maí s.l.. Fyrirlesarar voru sænsku leikskólakennararnir Birgitta Kennedy og Maria Mylesand. Sú nýjung var að fyrirlestrarnir voru þýddir jafnóðum og eiga Guðrún Alda Harðardóttir og Anna Friðriksdóttir heiður skilið fyrir hvað þeim fórst það vel úr hendi. Það er skemmst frá því að segja að almenn ánægja var með þessa námstefnu sem fjallaði um verkfærið uppeldisfræðilegar skráningar og bygginga- og kubbaleiki ungra barna. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um næstu námstefnu að ári, þar verður tekið fyrir stærðfræði með yngstu börnum.

Með kveðju,  
Sigríður Síta

Þeir sem hafa áhuga á að fá birtar greinar eru vinsamlegast beðnir um að senda póst á [sita@unak.is](mailto:sita@unak.is) og skrifa RÖGGUR í efnislínu (subject).

#### Efni blaðsins

Notkun Netsins í leikskólastarfi.....	2
Að læra er ævintýri.....	6
Hvernig starfar faglegur leiðtogi í Reggio Emilia?.....	14
Að passa börn og mennta .....	20

## Notkun Netsins í leikskólastarfi

Guðrún Alda Harðardóttir, lektor við leikskólabraut Háskólans á Akureyri

### Inngangur

---

Upplýsingatækni verður æ algengari í leikskólastarfi og mikilvægt að stéttin velti fyrir sér hvernig þessi nýja tækni hentar leikskólastarfi og noti hana á markvissan hátt. Í rannsókn Agnetu Ljung-Djärf (2004) kemur fram að fjölbreytni gætir í notkun upplýsingatækni í sænsku leikskólastarfi. Niðurstöður sýna að leikskólarnir sem hún rannsakaði einblína á ákveðin atriði; einn notar mest tölvupóst og netið, á meðan annar notar margmiðlun og skráningar og sá þriðji tölvuspil.

Eins og í öðrum skólastarfi þá hafa viðhorf kennara sterk áhrif og á það ekki síst við um viðhorf þeirra til tækninnar, það kemur fram í mörgum rannsóknum svo sem í rannsókn Anne Marie Kanstrup (2004) og Anne-Mari Folkesson (2004). Í fyrrgreindri rannsókn Agnetu Ljung-Djärf flokkar hún viðhorf leikskólakennaranna í þrjá flokka; verndandi-, styðjandi- eða leiðandi viðhorf.

- Leikskólakennarar sem hafa **verndandi viðhorf** eru ánægðastir ef tölvun er sem minnst notuð, þeir líta á hana sem ógnun við starfið en þeir eru einnig uppteknir af því að vernda tölvuna gegn rannsóknarlöngun barnanna. Í leikskóla sem verndandi viðhorf var ríkjandi var tölvustarfið minnst og börnin fengu ekki aðstoð ef þau lentu í vandræðum í tölvunni.
- **Styðjandi leikskólakennarar** líta á tölvurnar sem eitt að vali barnanna, þeir eru ekki mikið með börnunum í tölvunni en fylgjast með og grípa inni ef vandamál koma upp.
- **Leiðandi leikskólakennarar** telja tölvur mikilvægar í nútíma leikskólastarfi og bera ábyrgð á að öll börnin fái möguleika á að vinna með tölvu.

Upplýsingatækni í leikskólastarfi er kennt í leikskólakennaranámi við Háskólann á Akureyri (4 ein.). Ég hafði áhuga á að skoða *hvernig leikskólakennarar brautskráðir frá HA nota netið í leikskólastarfi*.

### Aðferð

---

Ég sendi spurningalista í tölvupósti til leikskólakennara sem birta netföng sín á heimasíðum leikskólanna. Á Akureyri eru allir leikskólar með heimasíður og hjá fimm leikskólum var að finna netföng einstakra leikskólakennara. Þann 24. mars 2004 sendi ég tölvubréf og spurningalista til sex leikskólakennara brautskráða frá H.A. á árunum 1999 – 2003, þeir starfa í fimm mismunandi leikskólum á Akureyri. Fimm af sex leikskólakennurum frá fimm leikskólum svöruðu spurningunum á netfang mitt.

### Niðurstöður

---

Niðurstöður flokka ég í fjóra flokka; foreldrasamstarf, börn, þekkingaröflun, annað. Hér greini ég frá helstu niðurstöðum hvers flokks fyrir sig einnig eru gögnin skoðuð út frá flokkun Agnetu á viðhorfi leikskólakennara til upplýsingatækni í leikskólastarfi.

### **Foreldrasamstarf**

Þegar spurt var hvort leikskólakennararnir noti netið í foreldrasamstarfi sögðust fjórir gera það en einn leikskólakennaranna sagðist ekki nota netið í þeim tilgangi, þó var eftirfarandi setningu að finna á heimasíðu þess leikskóla sem viðkomandi leikskólakennari starfar: „...erum við að gera könnun meðal foreldra varðandi aðgang þeirra að netinu og hve mikið þeir hafa kynnt sér heimasíðuna.“ Einnig var þar að finna auglýsingu til foreldra, námskrá leikskólans o.fl.

Fjórir leikskólakennaranna sögðust setja skráningar frá hópstarfi barnanna á heimasíðuna. Þeir sögðu að foreldrum finnst það mikilvægan þátt eða eins og einn orðaði það: „...þ.e. að geta lesið og fylgst með starfi barna sinna í gegnum netið. Ef eitthvað dregst að setja skráningar á netið „rukka“ foreldrar mig gjarnan um þær.“

Annar leikskólakennari sagði:

Eins hafa foreldrar sent mér póst í gríð og erg og verið að þakka fyrir síðuna og spyrja að ýmsu. Þetta er mjög skemmtilegt, svona eins og maður hafi opnað glugga inn í leikskólann fyrir marga foreldra. Ég fékk t.d. mjög skemmtilega sögu frá einni mömmunni. Hún sagði mér frá því að hingað til hafi þabbinn sýnt mjög lítinn áhuga á leikskólanum og starfi hans en eftir að hann fór að fá reglulega póst um nýtt efni á heimasíðunni hafi hann allur vaknað og nú orðið eigi hann oft frumkvæðið að umræðum um leikskólann við barnið s.s. hvað það hafi verið að gera fyrir um daginn og það sem sé framundan.

Þrír leikskólakennarar sögðust senda tölvupóst/póstlista til foreldra, fréttabréf, dagatal, myndir o.fl. Einnig kom fram hjá leikskólakennurunum að foreldrar geti lesið námskrá leikskólans á netinu og fréttabréf.

### **Börn**

Þegar leikskólakennararnir voru spurðir hvort þeir noti netið með börnunum sögðust þrír þeirra gera það, en tveir sögðust ekki gera það. Einn sagði þau skoða Kidlink og aðra slíka vefi, heimsækja aðra leikskóla og hafa tekið þátt í samstarfsverkefni við nokkra leikskóla úti á landi sem fór fram á netinu. Netið sé mikið notað til að skiptast á upplýsingum um leikskólana, sögur sendar á milli, myndir o.fl. Einn sagðist nota netið með börnunum til upplýsingaröflunar fyrir verkefni, gefum honum orðið

„...finnum texta, myndir eða hljóð, sem síðan er notað í vinnu, stundum áfram í tölvunni, setjum síðan vinnuna aftur á vefinn = upplýsingatækni. Sendum tölvupóst til að spyrja um eitthvað og vonumst eftir svari, oft notað í áframhaldandi vinnu. Til að leika sér, finnum skemmtilega leiki og förum í á vefnum.“

Samkvæmt frásögn eins leikskólakennarans þá senda börnin bréf heim til sín og fá oft svör að heiman eða úr vinnu foreldra.

### **Bekkingaröflun**

Allir leikskólakennararnir sögðust nota netið til að efla þekkingu sína. Einn þeirra sagði: „mér finnst erfitt að hugsa mér starfið mitt án þess að hafa aðgang að netinu.“ Annar sagði: „Í dag fer sjálfsnám mitt mikið til fram á vefnum.“

Allir leikskólakennararnir sögðust fara inná vef annarra leikskóla til að skoða starf þeirra og fræðilegar áherslur. Tveir leikskólakennarar sögðust fara reglulega inná vef Félags leikskólakennara/KI, einnig sögðust leikskólakennararnir skoða greinar í erlendum rafrænum fagtímaritum, leita að námsefni fyrir börnin, skoða skólavefinn, finna söngtexta o.fl.

### **Annað**

Að lokum hafði ég opna spurningu þar sem leikskólakennararnir gátu komið frjálst með innlegg. Einn leikskólakennari sagði: „Netið einfaldar líka samskipti milli fólks og opnar fyrir aukin samskipti heimilis og skóla.“ Annar sagði netið vera hugmyndaríkan gagnabanka. Enn annar sagði: „(Netið) ...Er annars ágætt tæki sem reynist oft gagnlegt en hefur engu breytt um það sem við leggjum áherslu á í skólanum.“

### **Viðhorf leikskólakennara**

Leiðandi viðhorf má greina í svörum þeirra leikskólakennara (3) sem segjast nota netið með börnunum, í svörunum tala þeir um sig sem hluta af hópnum eins og ... *Við heimsækjum gjarnan aðra leikskóla, skoðum kidlink og aðra líka vefi.... **finnum** texta, myndir eða hljóð... **finnum** skemmtilega leiki og **förum** í á vefnum...*

Annar leikskólakennaranna sem segist ekki nota netið með börnunum tekur fram að því miður hafi hún ekki getað gert það vegna tækjaleysis en vonar að það leysist fljótt. Í svari hins má greina verndandi viðhorf, segist aðeins nota netið til að „leita að námsefni fyrir börnin og skoða það nýjasta sem er að gerast í öðrum leikskólum.“ Svo og að hann segist ekki nota netið í foreldrasamstarfi þó fram komi á heimasíðu viðkomandi leikskóla að netið er notað í þeim tilgangi.

### **Umfjöllun**

---

Af þessum niðurstöðum að sjá nota leikskólakennarar brautskráðir frá HA netið töluvert í leikskólastarfinu. Það er ánægjulegt að sjá að sá hluti leikskólakennaranámsins hefur skilað sér að miklu leyti þó má greina mismunandi viðhorfa leikskólakennaranna gagnvart upplýsingatækninni.

Af niðurstöðunum má draga þá ályktun að netið geti verið nýr miðill til að efla samstarf milli heimila og skóla, ekki síst við feður. Áhugavert væri að skoða nánar hvort netið geti stuðlað að auknu samstarfi feðra við leikskóla.

Einnig má draga þá ályktun að leikskólakennararnir noti netið með börnunum sem samskiptamiðil, við aðra skóla svo og við heimili og vinnustaði foreldra, einnig til að skoða Kidlink og aðra slíka vefi.

Með það í huga að leikskólakennararnir segjast setja skráningar á leikskólastarfinu á heimasíðu leikskólans væri áhugavert að gera samanburð því hvernig leikskólar nota eigin heimasíður.


## Heimildir

---

Kanstrup, Anne Marie. 2004. Lärarens perspektiv viktigast för IT-utvecklingen. *Kollegiet*.  
<http://www.kollegiet.com/default.asp/pid=79717/typ=87/docID=138764/PreviousPid=79717/skola.htm> Tekið af neti í desember 2004.

Folkesson, Anne-Mari. 2004. Lärares förhållningssätt viktigare än datorn. *Kollegiet*.  
<http://www.kollegiet.com/default.asp/pid=79717/typ=87/docID=152631/PreviousPid=79717/skola.htm> Tekið af neti í desember 2004.


Ljung-Djärf, Agneta. 2004. *Spelet runt datorn. Datoranvändande som meningsskapande praktik i förskolan*. Malmö, Malmö Högskola



## Að læra er ævintýri, sem sífellt tekur á sig nýjar myndir

Sigríður Síta Pétursdóttir, sérfræðingur á skólaþróunarsviði HA

Kennarinn á hvaða skólastigi sem er þarf að tileinka sér gagnrýna hugsun, þar sem hann vegur og metur og tileinkar sér nýja kennsluhætti, en um leið og hann velur eitt þá hafnar hann öðru, þess vegna er ígrundun kennarans svo mikilvæg. Kennarar á hvaða skólastigi sem er þurfa að huga að því hvað sýn þeir hafa á hlutverk sitt, þeir þurfa að vita fyrir hvað þeir standa. Á hvað legg ég áherslu? Hvað vil ég með starfinu? Hvernig sé ég hópinn sem ætlar að vera samferða mér þennan veturinn? Hvar liggur áhugi barnanna? Hvar liggur áhugi minn? Eru meðal annarra spurninga sem hver kennari stendur frami fyrir í starfi sínu hvar sem hann er staddur í skólakerfinu, frá leikskóla til háskóla. Kennarinn skipuleggur nám og vinnu barnanna og síns út frá svörunum við spurningunum, það er svo hvers kennara að finna leiðir að svörunum, í mínum huga er ekki til nein ein leið og ekki heldur víst að svörin fáiast öll í einu. En það er einmitt það sem er svo spennandi og skemmtilegt við kennarastarfið að það er endalaust ferðalag sem býður upp á ný ævintýri á hverjum degi.



Hér verður leitast við að sýna fram á hvernig hægt er að skapa samfellu í námi barna með því að byggja á sterku hliðum einstaklingsins og áhuga, þannig að námið verði ævintýri sem sífellt getur tekið á sig nýjar myndir bæði fyrir börn og kennara. Til að kynnast þessum sterku hliðum er hægt að fara ýmsar leiðir sú sem hér er kynnt til sögunnar er nefnd uppeldisfræðileg skráning. Námskrá hvers skóla er stór hluti af starfi hans, hún er einhverskonar rammi um starfið. Hér verður leitast við að sýna fram á hvernig hægt er að vinna að námskrá sem byggir á sterku hliðum einstaklingsins. Kennarinn þarf ekki endilega að vera sá sem allt veit og kann, en hann þarf að hafa áhuga á að leita sér upplýsinga og vilja til að kynnast hópnum sínum, börnin eru ekki síður þau sem vita og kunna.

### Að skrá sögur

Starf í skólum ætti að fela í sér að skapa ævintýri á hverjum degi, ævintýri sem taka á sig ýmsar myndir með hjálp ímyndunaraflsins og fjölbreytilegs og opins efniviðar. Vitneskja um hvað börn eru frábær og hæfileikarík, ætti ekki að vera einkamál kennarans, kennari sem deila sögunum með öðrum er að dýpka þekkingu og skilning annarra á börnum.

Daglega verða til sögur í starfinu, sögur sem sýna hvernig börn læra og hugsa. Hvernig safnar kennarinn þessum sögum svo hann og aðrir geti notið þeirra og lært af þeim? Ein leiðin er að nota uppeldisfræðilegar skráningar, sem felst m.a. í að skrá kerfisbundið það sem börnin gera og segja t.d. með því að taka myndir, taka samtöl upp á segulband og taka upp á myndband. Því næst er lesið úr upplýsingunum, túlkað, dregnar ályktanir og settar fram kenningar. Með skráningum á starfinu er kennarinn ekki aðeins að afla sér upplýsinga um hvað börnin eru að gera og hvar áhugi þeirra liggur,




hann er ekki síður að safna upplýsingum um eigið starf. Hvers vegna vinn ég eins og ég vinn? Er ég að gera það sem ég segist vera að gera? Hann er að ígrunda eigið starf, í þeim tilgangi að verða betri og færari.

„Agi sem er þjálfað afl er sama og frelsi“, skrifar Dewey (1933) í bók sinni Hugsun og menntun. Hann telur að raunverulegt frelsi sé vitsmunalegt frelsi sem byggist á því að fá tækifæri til að velta fyrir sér hlutunum og skiptast á skoðunum, að vege og meta út frá þeim gögnum sem fyrirleggja, að beita ígrundaðri hugsun við að komast að niðurstöðu. Við það að deila skoðunum sínum og upplifunum með öðrum, fæst annað sjónarhorn sem vikkar út reynsluheiminn. Þannig getur kennari sem deilir sögum sínum með öðrum, hvort sem það eru börnin, samkennarar, foreldrar eða aðrir, vikkað út ekki bara sitt sjónarhorn heldur líka þeirra sem hann segir sögurnar.

## Sterkar hliðar

---



Heimur barnsins, einstaklingsins, breytist og stækkar, eftir því sem bætist við reynsluna. Má líkja þessu við að vera á ferð með bakpoka, þegar farið er að heiman er lagt upp með nesti sem notað er sem undirstaðan til að byggja á, síðan er safnað í bakpokann það sem á vegi manns verður og notað úr honum eftir því sem við á. Hins vegar skiptir máli að það sé ekki tilviljun ein sem ráði því hvað í bakpokann fer, til að það komi þeim sem safnar að gagni, þarf það að vera ígrundað og hafa tilgang. Ein af þeim leiðum sem hægt er að fara í skólastarfi við þjálfun hugsunar er að beita ígrundaðri hugsun. Ígrunduð hugsun er athöfn þar sem staðreyndir annars vegar og hugmyndir hins vegar eru laðaðar fram með stöðugu samspili. Dewey (1933) bendir á að markmið skólans ætti að vera að koma á jafnvægi á milli hlutbundinnar og óhlutbundinnar hugsunar. Það er að nýta sterku hliðar hvrs einstaklings, þeim sem eru sterkir á verklega sviðinu gefist tækifæri til að nýta þann styrk til að auka við vitsmunalega sviðið og öfugt. Í sama streng tekur Malaguzzi (Edwards, Gandini og Foreman, 1998), hann telur að því auðugri og fjölbreyttari sem verkefni og viðfangsefni barnanna eru því ríkari af reynslu verða þau og líkurnar á að þau finni sitt áhugasvið og sínar sterku hliðar aukast.

Með skráningu á umræðum og vinnu barnanna og með því að hlusta á kenningar og tilgátur þeirra, lærist kennaranum að skilja þeirra heim. Börn búa yfir ólíkri reynslu og viðhorfum, því þarf að hlusta á hvert og eitt þeirra. Tilgátur þeirra ber að prófa og leyfa þeim að gera tilraunir og uppgötvanir. Auk þess sem skráningar á því hvað kennarinn gerir og hvernig samskiptin í hópnum eru og hvernig þau þróast, auðvelda kennaranum að setja sér markmið með starfinu og byggja starfið og námið út frá áhuga barnahópsins.

## Áhugi sem hvati

---

Þemavinna er víðtæk umfjöllun um viðfangsefni sem börnin velja sér, viðfangsefnið getur verið mjög fjölbreytilegt allt frá því að rannsaka líf lítillar köngulóar til þess að skoða borgina eða bæinn sinn í heild. Markmiðið er fyrst og fremst að virkja börnin til að skilja og skynja, til að skapa út frá sínum forsendum, að koma með tilgátur og kenningar

og prófa þær. Þemavinna og frjálsi leikurinn, sem gjarnan er talað um að sé aðalnámstæki leikskólans, þurfa ekki að vera annað hvort eða, þetta tvennt skarast.

Það sama á við um grunnskólann, í stað sundurgreiningar í skólstarfinu, mætti samþætta námið mun meira, lítum bara á nýsköpunarverkefni og þemavikur skólanna sem dæmi. Þar eru börn og fullorðnir að fást við verkefni af áhuga, áhuginn er hvatinn sem knýr þau áfram. Þema- eða verkefnavinna þar sem eitt leiðir af öðru og skoðanaskipti og umræður eiga sér stað milli kennara og barna og meðal barnanna,–dregur fram sterku hliðar einstaklingsins og hópsins. Þegar unnið er verkefnatengt er hvert mál skoðað frá mörgum sjónarhornum, ekki bara út frá einu skilningarviti, þ.e. málinu, heldur öllum skilningarvitunum, barnið er að nota öll tungumálin sín 100 (Edward, Gandini og Foreman, 1998).

Með því að nýta fyrri reynslu við nýjar aðstæður er verið að byggja ofan á það sem fyrir er. Kennarinn og börnin eru rannsakendur, þar sem hver og einn nálgast viðfangsefnið á sínum forsendum. Má telja að með því að nýta athafnaþörf og áhugasvið hópsins og einstaklinganna innan hans, verði minni líkur á að viðhorf til menntunar verði háð ofmati á gildi bóklegra greina, sem getur leitt til þess, eins og Dewey benti á 1933 og er í fullu gildi en í dag, að nemendur með verksvit fælast frá námi.

Til að efla sjálfstæða hugsun þarf einstaklingurinn að hafa frelsi til að rannsaka og safna gögnum á eigin forsendum, hlutverk kennarans er m.a. að viðhalda forvitni og áhuga, t.d. með því að kunna listina að spyrja og hlusta, í þeim tilgangi að leiða nemendurna áfram í þekkingarleitinni. Tökum heimspekilegar samræður sem dæmi, þar eru allar skoðanir jafnrétt háar, notast er við opnar spurningar til að ná fram skoðunum allra, spurningar eins og „hvað heldurðu að gerist ef...?“ „hvað finnst þér um...?“ og svo framvegis. Kennarinn leiðir börnin áfram í umræðunum og skapar þeim aðstæður til að gera tilraunir með og prófa tilgátur sínar. Hann sýnir skoðunum barnanna virðingu með því að leyfa þeim að prófa kenningar sínar og tilgátur, þau fá tækifæri til að hugsa og ígrunda, þannig læra þau af reynslunni. Sá sem hugsar í raun og veru lærir jafnmikið af því sem mistekst eins og því sem tekst (Dewey, 1933). Þess vegna ætti þemaverkefni að vera sem rauður þráður í gegnum allt starfi í leik- og grunnskóla.

## **Kennarinn sem rannsakandi**

---



Hvernig getur kennari vitað og fylgst með því sem er að gerast og metið starfið? Hvernig vinnur kennarinn út frá áhuga barnanna? Eitt af því sem fæst með því að fylgja börnunum eftir og skrá það sem fram fer, er að kennarinn lærir að þekkja hvern og einn einstakling í barnahópnum. Með uppeldisfræðilegum skráningum, sem kennarinn gerir á því hvernig börn leika sér, dýpkar skilningurinn á því hvernig börn hugsa og hvernig þau afla sér þekkingar, verkefnatengt nám og frjálsi leikurinn styðja þannig hvort annað.

Uppeldisfræðilegum skráningum er fyrst og fremst ætlað að auka skilning okkar á hvað það er sem fram fer í starfinu í skólanum. Henni er ætlað að sýna okkur hvað barnið er fært um að gera, hvað í því býr, hvers það er megnugt. Án þess að verið sé að mæla við

fyrirfram gefna staðla (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:35). Samkvæmt „póstmóðernesku“ hugmyndum er skráningunni ekki ætlað að vera beinn fulltrúi þess sem barn segir eða gerir, ekki er gert ráð fyrir að það sem komi fram í skráningunum sé hinn heilagi sannleikur um starfið. Heldur sýnir skráningin okkur einn af sannleikanum um starfið, þann sem rannsakandinn skynjar (Dahlberg, Moss og Pence, 1999:146).

Til að útskýra aðeins betur hvað átt er við þá er hér dæmi frá Svíþjóð um hvernig kennarar nýta sér áhuga barnanna til að skapa aðstæður þannig að börnin langi til að rannsaka og framkvæma, dæmið fjallar um verkefni sem kallast „Rannsakandi eins árs börn“ (Forskande ettáringar). Leikskólakennararnir höfðu tekið eftir því að svart/hvítar ljósmyndir vöktu athygli allra yngstu barnanna. Þær (myndirnar) leiddu til samskipta milli barnanna og nýrra uppgötvana um þau sjálf og veröldina eða heiminn í kringum þau. Verkefnið hófst þannig að leikskólakennararnir fóru að velta fyrir sér, hvernig þau væru í stakk búin til að taka á móti eins árs börnum í leikskólann? Og spurðu sig m.a. „Hvað var á veggjunum og í hillunum sem gæti vakið athygli rannsakandi barna?“ Leikskólakennararnir vildu skapa forsendur fyrir börnin til að gera nýjar uppgötvanir. Þegar foreldrarnir komu í heimsókn með börnin, áður en þau byrjuðu, tóku kennararnir eftir því að börnin virtust hafa áhuga á myndum sem voru neðarlega á veggjunum. Þetta voru svart/hvítar myndir, bæði listaverk og einnig ljósmyndir af hversdagslegum hlutum, s.s. eins og trjám, bílum og slíku. Þetta ákváðu þau að nota sér og fengu ljósmyndara í lið með sér, ljósmyndarinn hjálpaði þeim við að taka svart/hvítar myndir af venjulegum leikföngum, frá mismunandi sjónarhornum. Athuga átti hvort svart/hvítu myndirnar gætu virkað sem mótvægi við allar litmyndirnar í lífi barnsins. Hvort myndirnar myndu ögra og vekja forvitni og virkja börnin til framkvæmda. Leikskólakennararnir vonuðust helst eftir að myndirnar vektu „aha-upplifun“ hjá börnunum og að þær örvuðu samskiptin milli þeirra. Nákvæmlega það gerðist, smá tími leið frá því börnin byrjuðu í leikskólanum þar til þau uppgötvuðu svart/hvítu myndirnar á veggjunum, en þegar það gerðist þá vöktu þær athygli. Á vegg á litlum gangstubb voru settar upp þrjár af svart/hvítu leikfangamyndunum. Hér fer frásögn eins leikskólakennarans:

Einn daginn sé ég að Elín (1,3 ára) er sest á gólfíð fyrir framan myndirnar. Hún situr hljóð og skoðar þær. Í hendinni heldur hún á Duplo-figúru. Á einni af myndunum er svona figúra. Nú stekk ég til og sækí myndavélina. Þegar ég kem til baka stendur Karen (1,4 ára) við hliðina á Elínu og er líka að horfa á myndirnar. Hún bendir á litla bangsann og flissar, snýr sér að Elínu og segir eitthvað sem ég skil ekki, en Elín virðist skilja og hlær líka. Elín sýnir Karenu Duplo-figúruna sína, en Karen er upptekin af einhverju sem er meira spennandi, annar bangsi. Karen fer en kemur fljótt til baka aftur, hún hefur sótt bangsa. Karen bendir á bangsann og hlær. Þær horfa á hvor aðra og flissa saman. Að lokum reisir Elín sig upp og setur báðar hendurnar á myndina eins og hún ætli að taka öll dýrin.

Elín og Karen uppgötvuðu að bangsinn og Duplo-figúran gátu litið mismunandi út. Duplo-figúran í hendinni var í þrívídd og í lit en Duplo-figúran á myndinni var flöt og í svart/hvítu. Það er spennandi að gera nýjar uppgötvanir og enn þá skemmtilegra að gera þær með félaga sínum (Kjellander. 1999).

Af þessum litla atburði og fleirum eins sem eru að gerast daglega í leikskólanum, má sjá skemmtilegt og spennandi samspil milli barnanna, þar sem myndirnar vöktu greinilega

forvitni og voru kveikjan að athöfn. Leikskólakennararnir hafa einnig prófað að líma myndir af börnunum sjálfum á gólfið og við hliðina á stórum spegli sem er á einum vegg deildarinnar, þannig hafi þeir unnið með áhuga barnanna áfram og útvíkkað hann. Það er orðið fastur liður í starfi leikskólans að nota ljósmyndir á þennan hátt. Gefum leikskólakennaranum aftur orðið:

Mín ósk er að skapa þannig umhverfi að það veki stöðugt upp forvitni hjá börnunum og geri þau virk, einnig hjá þessum allra yngstu.

Að skapa umhverfi sem er aðgengilegt, þar sem mögulegt er að rannsaka og uppgötva og allt er leyfilegt án þess að það þýði að allt fari úr skorðum. Við leikskólakennararnir verðum að vera vel vakandi yfir því sem fram fer og yfir því hvað börnin hafa úr að vinna, þ.e hvaða efnivið þeim er boðið upp á.

Það er svo auðvelt að halda að maður viti hvað börnunum finnst skemmtilegt, en það er kannski ekki alltaf það sem kemur þeim af stað. Við verðum að viðhalda forvitni barnanna með því að bjóða upp á fjölbreytilegan efnivið. (Kjellander. 1999)

Áhrif kennarans og viðhorf hans til barnanna, þ.e. sýn hans á barnið hefur áhrif á hvaða árangri hann nær með barnahópin sinn. Hlutverk leikskólans er m.a. að grípa bolta barnsins og kasta honum til baka á þann hátt að barnið vilji halda áfram að kanna og uppgötva. Þegar kennarinn grípur hugmyndir barnanna á lofti og kastar til baka, þá hlustar hann á og fylgir áhuga barnanna eftir. Oft er því borið við að það sé ekki nægur tími og að skipulagið leyfi ekki slík vinnubrögð sem uppeldisfræðileg skráning er. Íslenskur leikskólakennari svaraði þessu ágætleg: „Þegar maður hættir að vera þjónn barnanna og fer að leyfa þeim sjálfum að vinna og leysa vandamál, þá skapast ótrúlega mikill tími sem nýtist til að skrá.“ (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:39). Það er mikilvægt að láta tímann ekki stoppa sig, því skráning á því sem fram fer í leikskólanum og starfinu fer ekki bara fram á einhverjum fyrirfram ákveðnum tíma eða stað, skráningarvinna inniheldur mörg skref og fjölmargar valaðstæður. (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001)

Áhugasamur kennari er vakandi fyrir því sem fram fer í hópnum, hann kann að lesa úr þeim táknum sem börnin senda frá sér, en til þess að svo geti orðið þarf kennarinn að þekkja vel einstaklingana í hópnum. Dewey (1933) varar hins vegar við því að of mikil persónuleg áhrif kennara geta leitt til ósjálfstæðis nemenda, þ.e. nemendur fara að læra fyrir kennarann eða einhvern annan en sjálfan sig. Með því að nemendur eru að fást við viðfangsefni, sem höfða til þeirra og gera til þeirra kröfur, öðlast nemendur jákvæðan innri aga sem byggir á vitmunalegri þekkingu og frelsi til að ná markmiðunum sem þeir setja sér. Með skráningum á starfi barna og kennara er hægt að setja fram nýjar staðreyndir og kenningar um hvernig barn öðlast þekkingu, um leið og kennarinn gerir starfið sitt sýnilegra, þetta er leið til að losna við fordóma og vanabundnar hugmyndir og að koma nýjungum á framfæri.

Sýn kennarans og viðhorf til barna hefur allt að segja; sér hann barnið sem getumikið og hæfileikaríkt og verkefnið sem það er að takast á við merkileg? Eða sér hann barnið sem hjálparvana og lítur á hlutverk sitt sem fræðara eða þann sem hefur öll svörin og að það sem barnið er að fást við dagsdaglega skipti minna máli en það sem fram fer við

skipulagðar aðstæður þar sem kennarinn leggur fyrir verkefni? Þar sem skiptir meira máli að kunna texta eftir aðra utan að en að vera fær um að takast á við umhverfi sitt og vera félags- og tilfinningalega læs. Kennarinn lærir og endurmenntar sig í starfinu með börnunum. Hann rannsakar starf sitt og barnanna með því að horfa á það á tvo vegu: Önnur leiðin er að sjá hvernig börn nálgast viðfangsefnið og hvernig þau þróa hugsun sína og aðgerðir; hin leiðin er að skoða hvernig þau nýta sér efniviðinn á fjölbreytilegan hátt (Edwards, Gandini og Foreman, 1998).

Cuffaro (1995), telur að efniviðurinn hjálpi til við að læra, að lærdómurinn verði athöfn í sjálfu sér, þ.e. að við að framkvæma læri ég það sem ég hef forsendur til. Efniviðurinn þarf að vera bjóðandi, ögrandi, vekja spurningar og forvitni, bjóða upp á möguleika og tækifæri fremur en staðreyndir og tilbúna lausnir.

## Námskráin

---

Mismunandi sýn á barnið kallar á fjölbreytilega gerð námskráa. Í stað þess að skipuleggja algjörlega hvað eigi að gera og hvernig, er mögulegt að námskráin sé höfð fljótandi eða vaxandi (emergent curriculum) (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001), enn og aftur er það áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Efniviðurinn er hafður sýnilegur og aðgengilegur, börnunum er skapaðar aðstæður til að vinna saman og sitt í hvoru lagi.

Í samverustundum er rætt um verkefni, ferðirnar sem farnar eru, vangaveltur og kenningar. Kennarinn fylgist með og skráir niður það sem börnin eru að fást við, samtöl sem þau eiga við hvort annað og sem þau eiga við kennarann, hann tekur myndir af ferlinu til að gera það sýnilegt. Kennarinn kemur með athugasemdir og hvetur til áframhaldandi rannsókna eða tilrauna (Cuffaro, 1995). Mikilvægt er að vinna úr því sem var skráð til að fá sýn á börnin og til að finna þráð til að halda áfram eftir. Kennarinn notar opnar spurningar til að leiða börnin áfram og aðstoðar þau við að vinna úr því sem þau eru að fást við, gefum okkur dæmi:

Kennarinn situr ásamt fimm 2ja ára börnum við morgunverðarborðið hann spyr hópinn: „hvað eru margir við borðið okkar í dag?“ Börnin ásamt kennaranum telja saman upp í fimm. Kennarinn spyr „hvað vantar marga?“ Börnin svara „það vantar Kjartan“. „Já, það vantar einn, því við erum venjulega sex við morgunverðarborðið“ svarar kennarinn.

Með svona litlu samtali þar sem börnin eru sjálf í hlutverki talna, er verið að leggja inn stærðfræði, það er verið að æfa að telja og draga frá og leggja við. En það er líka verið að styrkja samkenndina meðal barnanna með því að vekja athygli á þeim sem ekki er mættur. Kennarinn skapar aðstæðurnar og gefur börnunum tækifæri. Virðing fyrir barninu sem hæfileikaríku og getumiklu er það sem skiptir máli.

„Reynslan verður ekki gefin þú verður að öðlast“ hana er haft eftir Harriet Cuffaro (1995), kennari sem gerir ráð fyrir því, er kennari sem notar kraft barnanna sem útgangspunkt í leiðbeiningu sinni. Í stað þess að segja „sjáðu...“ og „horfðu...“ að spyrja

frekar „hvað sérðu?“, þannig gefur kennarinn barninu tækifæri til að segja það sem það sér en gefur því ekki uppskrift af því hvað það á að sjá.

Í hlutverkaleik eru börnin fyrst og fremst að fást við félagsleg viðfangsefni, s.s. samskipti og að leysa úr deilum og ágreiningi sem kemur upp í leiknum. Þau eru að vinna úr reynslunni en einnig að öðlast nýja reynslu, ef kennarinn er vakandi og vekur upp spurningar eða spyr spurninga, hjálpar hann börnum að takast á við ný viðfangsefni.

Kennarinn byggir starfið á skráningum og gögnum sem hann safnar t.d. þegar hann fer með börnin í vettvangsferðir bæði skipulagðar þar sem farið er á einhvern fyrirfram ákveðin stað eða „óskipulagðar“ þ.e. skoðað hvernig börnin upplifa það sem fyrir augu ber, hvað vekur áhuga þeirra, velta fyrir sér hvernig er hægt að vinna með það áfram.

Ekki má gleyma að samstarf milli foreldra og skóla sem byggt er á gagnkvæmu trausti er liður í að samþætta heima barnsins, þ.e. lífið innan veggja skólans annars vegar og lífið utan veggja skólans hins vegar. Skólanum ber að standa vörð um heildar velferð þeirra þriggja aðalpersóna, sem eru þátttakendur í því kerfi sem hann mynda, barna, kennara og fjölskyldna.(Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:45)

## **Umræða**

---

Mjög skörp skil verða þegar barn fer úr leikskóla í grunnskóla, skilin felast kannski öðru fremur í því að í leikskóla er horft á barnið í heild og námið fer fram í gegnum leikinn og þematengd verkefni, þar sem ferlið er ofar afurðinni og samþætting námssviða er mikil, en í grunnskóla er meira um sundurgreiningu. Ég tel að það sé vel hægt að skapa samfellu í námi barns frá leikskóla og áfram, þar sem byggt er ofan á fyrri reynslu og kröfur og væntingar aukast eftir því sem færni barnsins eykst. Tek ég undir með Cuffaro (1995:52) sem telur að með því að horfa á börnin sem hóp einstaklinga frekar en deild eða bekk, þ.e. eins og hlut, þá er kennarinn ekki lengur yfirmaður hann verður leiðbeinandi í hópastarfi, á því er mikill munur.

Þegar ég hugsa um leikskóla framtíðarinnar þá hugsa ég um leikskóla sem sjálfsögð réttindi fyrir öll börn, leikskóla þar sem;

- iðar af lífi og fjöri,
- forvitnin spilar stórt hlutverk,
- mögulegt er að upplifa, læra, rannsaka og leika,
- umhverfið er svo spennandi og örvandi að það er ekki hægt annað en að framkvæma,
- leyfilegt er að hugsa og vera með ólíkar skoðanir,
- allir bera virðingu hver fyrir öðrum, bæði börn og fullorðnir,
- allir fá tækifæri til að þróa með sér samkennd og vináttu,
- barnsýn verður að mannsýn þannig að við getum séð hvort annað sem hæfileikaríka einstaklinga,
- deildar eru aldursskiptar og umhverfið er sniðið að þörfum hvers aldurstigs, þannig að hver aldur fái sem mest út úr því sem hann er að fást við,
- starfið í leikskólanum skiptir máli fyrir samfélagið,

- foreldraþátttaka er virk og sjálfsögð,
- skrefin eru stigin í ævilöngu námsferli.

Markmiðið með starfi kennarans ætti að vera að skilja börnin betur, að læra að hlusta á þau, að læra að þekkja þau um leið og hann lærir að þekkja sjálfan sig og starfið sitt betur, t.d. hvað er það sem skiptir máli, á hvað legg ég áherslu í starfinu og hvers vegna. Að beita uppeldisfræðilegri skráningu sem tæki til að skoða börnin og sjálfan sig í starfi, auðveldar kennaranum að ígrunda og íhuga starfið sitt, að vera opin og sveigjanlegur gagnvart sjálfum sér og öðrum, að vera gagnrýnin á uppbyggilegan hátt.

Með því að rannsaka með barninu þá leyfir kennarinn barninu að finna lausnirnar, barnið uppgötvar sjálft og finnur sínar leiðir og lausnir. Kennari sem vinnur þannig sér barn sem rannsakar, framkvæmir, er hugmyndaríkt og getumikið barn, hann sér styrk barnsins í stað veikleika.

## Heimildir

---

Cuffaro, Harriet K. 1995. *Experimenting with the world*. John Dewey and the early childhood classroom. New York, Teachers College Press.

Dahlberg, Gunilla, Peter Moss og Alan Pence. 1999. *Beyond Quality in Early Childhood Education and Care: Postmodern Perspectives*. Philadelphia, Falmer Press.

Dewey, John. 1933. *Hugsun og menntun*. Þýðing Gunnar Ragnarsson. 2000. Reykjavík, Rannsóknarstofnun KHÍ

Edwards, Carolyn, Lella Gandini and George Foreman. 1998. *The hundred languages of children*. The Reggio Emilia approach – advanced reflections. Greenwich, Ablex Publishing Corporations.

Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Akureyri, Textasmiðjan.

Kjellander, Malin. 1999. *Forskande ettåringar*. Miljö och material. Modern barndom, Reggio Emilia Institutet. 1999;3:22-23



## Hvernig starfar faglegur leiðtogi í Reggio Emilia?

Edda Valsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri leikskólans Fögrubrekku og nemi í stjórnun við KHÍ.

Ég hef starfað í leikskólanum Fögrubrekku í Kópavogi frá því að ég útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands árið 1992. Síðast liðin ár höfum við í leikskólanum unnið í anda Reggio og er það starf í sífelldri þróun. En eins og flestir sem lesa Rögg vita er eitt meginmarkmiðið að hvetja börnin til að nota öll skilningarvit sín, „málin sín hundrað“ og mikil áhersla er lögð á traust á barnið; getu þess til að afla sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum.

Fagrabrekka fékk þróunarstyrk frá Menntamálaráðuneytinu í mars 2001. Þróunarverkefnið sem ráðuneytið styrkti heitir „Tónlist í anda Reggio“. Sagt er að tónlist sé ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist, þau kynnast hljóðum og hreyfingu í leik og starfi. Tónlistaruppeldi miðar að því að þroska einstaklinga, þjálfra hugsun þeirra og efla tjáningarhæfni. Auk þess veitir tónlistarnám lífsfyllingu og hefur viðtækt félagslegt gildi. Það er ekki markmið Fögrubrekku að skapa tónlistarmenn heldur sjálfstæða hugsandi einstaklinga sem hafa tónlist sem sitt val og frelsi til að njóta hennar. Starfsmenn leikskólans eru einatt að þroska og þróa sjálfan sig í hugmyndafræðinni. Þeir vinna markvisst með börnunum, lesa fagleg efni um hugmyndafræðina og ræða málin á leiðtoga- og fagfundum.

Haustið 2004 hóf ég nám í stjórnun menntastofnana við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands. Í lotunni „stjórnun og forysta“ bar mér að skrifa ritgerð um leiðtoga. Það fyrsta sem kom upp í huga minn var eldhuginn, kennarinn og uppeldisfræðingurinn Loris Malaguzzi, hugmyndagjafinn í þróun leikskólamála í Reggio Emilia á Ítalíu. Ákvað ég eftir stutta ígrundun að skrifa um hvernig faglegur leiðtogi starfar í leikskólum Reggio Emilia með „leikhúsverkefnið“ í huga.

Þeir sem hafa lesið og kynnt sér leikskólastarfið í Reggio vita að uppeldisfræðileg skráning er aðferð til að skoða námsferli barna og að þessi aðferð var notuð til að vinna að einu viðamesta og frægasta verkefni sem börn í leikskólanum Diana í Reggio réðust í ásamt listsmiðjukennaranum Vea Vecchi. Ameríska tímaritið Newsweek valdi árið 1991 tíu bestu skólana í heiminum, og þótti fullkomlega sanngjarnt að velja og tilnefna Reggio Emilia í flokki leikskóla. Í framhaldi af því var Reggio leikskólinn Diana útnefndur sem besti leikskóli í heimi (Vecchi, 2002).

Grein þessi er byggð á bókinni *Theater Curtain. The ring and transform-ations* eftir Vea Vecchi, listsmiðjukennara sem er leiðtoginn í verkefninu en hún sagði að uppeldi barna væri þjóðfélagsundur og við gætum ekki byggt upp góðan skóla án aðkomu samfélagsins. Áður en fjallað verður um verkefnið er umfjöllun um faglega leiðtoga og því næst um uppeldislegaskráningu.

## Faglegi leiðtogginn

---

Loris Malaguzzi notaði samlíkingu við leikhús þegar hann lýsti fyrirmyndarkennara; sá þarf að geta brugðið sér í hlutverk bæði sviðsstjóra, rafvirkja, hvíslara og jafnvel leikstjóra og verið bæði ljúfur og strangur sem slíkur. Hann þarf líka að fylgjast með eins og áhorfendur gera; þeir klappa stundum eða sitja þöglir í sætum sínum, sýna tilfinningar og dæma stundum af tortryggni en fagna alltaf innilega (Guidici, Krechevsky, Rinaldi, 2001:89).

Hlutverk leiðtogans í námsferli barnanna eru mikilvægt, hann er virkur og opinn fyrir því að aðstoða þau með hugmyndir og reynir að viðhalda og örva forvitni þeirra. Gefur þeim tækifæri til að finna eigin lausnir og uppgötva að mistök séu ekkert til að skammast sín fyrir. Þetta er mikilvægt vegna þess að börn sem alast upp í þjóðfélagi sem er í stöðugri þróun þurfa að öðlast sjálfstæði og sjálfstraust til að takast á við framtíðina. Hann verður að skilja barnið sem einstakling og því er mikilvægt að skilningur okkur sé ekki einungis í huga okkar heldur einnig í hjarta.

Í Reggio læra leiðtogarnir að hlusta, sjá, fylgjast með og túlka atburðarás barna, hugsanir þeirra og rannsóknareðli. Þannig læra leiðtogar að umgangast börnin og skilja á hvaða hátt börn afla sér þekkingar og mynda sambönd við aðra. Ábyrgð kennarans er því að skapa börnunum umhverfi sem hvetur þau til að afla sér þekkingar, viðhalda samböndum sínum og taka sér aðra til fyrirmyndar (Guidici, Krechevsky, Rinaldi, 2001:10).

Leiðtogginn spyr sig oft spurninga eins og: Hvaða sýn hef ég á börn? Hvaða sýn hef ég á þekkingu? Þori ég að mæta sjálfum mér? Þori ég að sjá hæfileika mína? Það er ekki til neitt algilt svar en við getum haldið áfram að þróa okkur í hugmyndafræðinni þar til við höfum náð þeim hæfileika að leita og finna rétta svarið. Því skal ekki gleyma að við erum ekki að undirbúa börnin alfarið undir grunnskólann með verkefnavinnunni heldur er starfið í leikskólanum fyrst og fremst undirbúningur undir lífið sjálft (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2001).

Þó að hér hafi verið fjallað um leiðtoga sem fullorðinn svo sem leikskólakennara er rétt að hafa í huga að börnin geta einnig gengt hlutverki leiðtoga í sumum verkum, en um það verður ekki fjallað hér.

## Hvað er uppeldisleg skráning?

---

Til að lesandi skilji „leikhúsverkefnið“ það verkefni sem sérstaklega verður kynnt hér, er vert að útskýra aðeins hugtakið „uppeldisfræðileg skráning“.

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð til gagnaöflunar sem notuð hefur verið víða í leikskólum árum saman. Hún hefur verið í þróun síðustu þrjú áratugina og felur í sér skráningu og athugun á orðum og gjörðum barns. Skráningaraðferðin getur gert „innra“ starf leikskólans sýnilegt sem oft hefur verið talið ósýnilegt (Guðrún Alda Harðardóttir, 1997:69).

Helstu skráningartækin sem notuð eru víða í dag við skráningu eru hugur og hönd, penni og blað, stafræn myndavél, upptökutæki og hljóðupptökutæki. Skráningin veitir haldgóð rök í umræðum um leikskólamála og er góð leið til að sýna fram á gæði leikskólastarfsins og varpar ljósi á „rödd barnsins“. Skráningin sem slík minnir börnin á hvað þau voru að gera (t.d. ljósmyndir), eflir sjálfsvitund þeirra og auðveldar leiðtoganum að fylgjast með hverju barni fyrir sig. Hún gefur vitneskju um hvernig börnin læra í þessu sköpunarferli og hvernig félagsþroski þeirra mótast. Einnig koma betur í ljós hæfileikar og styrkur hvers einstaklings. Myndir af börnunum í leik og starfi, hangandi á veggjum eða hurðum veitir foreldrum ánægju og vellíðan, foreldrarnir geta fylgst með starfi barna sinna dag frá degi. Skráningin getur einnig gert starfið sýnilegra fyrir almenning og stjórnvöld (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2002:14).

Það sem gerir skráninguna svo skemmtilega er til dæmis að horfa, hlusta og skrá hvernig börnin læra inn á samkenndina og samskiptin og hvernig þau upplifa sig sjálf sem einstaklinga sem geta, kunna og spytja spurninga í leit að svörum. Með þessu móti geta kennarar lært og skilið hvað börnin eru getumikil og hæfileikarík. Börnin læra að rannsaka lífið og velta fyrir sér tilverunni.

## **Leikhúsverkefnið**

---

Hvernig er faglegri stjórnun hagað með börnunum í leikskólum Reggio Emilia? Verkefni barna í leikskólum Reggio geta tekið allt frá nokkrum dögum og upp í mánuði og jafnvel lengur. Lengd verkefnanna fer oft á tíðum eftir eðli verkefnisins og hvert áhugi og rannsóknir barnanna leiðast. Í þessum kafla greini ég frá því hvernig „leikhúsverkefnið“ varð til og hvaða leiðir leiðtoginn og börnin fóru til að verkefnið yrði að veruleika.

Leikhús er að finna í flestum borgum á Ítalíu og öll leikhús hafa sviðstjald en í Reggio Emilia er að finna eina leikhústjaldið sem var hannað og framleitt af leikskólabörnum! Í fyrstu voru uppi efasemdir um verkefnið sem þótti heldur viðamikili þótt hugmyndin væri góð. En að lokum stóðu aðstandendur þess – 5 ára börnin í Diana leikskólanum – stoltir fyrir framan afraksturinn. Það sem er svo magnað við þessa framkvæmd er hvernig leiðbeinandi barnanna vann með þeim frekar en að stýra vinnunni og hvernig börnin unnu saman að því að ná takmarki sínu.

Í upphafi var aðeins lagt upp með það að vinnuaðferðin yrði að vera einföld og sparneytin, tjaldið varð að vera brunavarið en augljóst var að stærðin á tjaldinu var of mikil til að hendur barnanna gæti valdið því. Ákveðið var að láta börnin glíma við þessi vandamál með eigin hugkvæmni og til að einfalda ákvarðanatöku barnanna var ákveðið að hafa hópinn lítinn (Vecchi, 2002:21). Leiðtoginn, Vea Vecchi, hafði aldrei staðið frammi fyrir verkefni af þessari stærðargráðu áður og ákvað því að fara varlega í sakirnar. Fyrst voru börnin beðin um að koma með hugmyndir sínar um leikhús. Svör barnanna voru eins misjöfn og þau voru mörg:

Fólk vill fara í leikhús af því það er falletg. Til að fara þangað verða konur að fara í pils og mennirnir verða líka að klæða sig fallega. Leikhús er mjög stórt! Þar er mikið af súlum og heilmikið af gluggum! Ég veit ekki hver býr þar. Þar eru þúsund ljós,

gul, græn og rauð og þegar sýning hefst fara þau og allt verður dimmt (Vecchi, 2002:22).

Næst var komið að því að skoða leikhúsið að innan sem utan en þegar hér er komið við sögu vissu börnin ekki enn um hvað verkefnið snerist. Eftir nokkrar rannsóknir var ákveðið að sækja leikhús heim og taka myndir af ýmsum sjónarhornum þess. Þegar þangað var komið setti börnin hljóð af undrun. Þau fóru að sviðinu og skoðuðu sviðstjaldið sem uppi var. Nú var rétti tíminn til að segja þeim frá verkefninu. Þau voru spurð hvort þau vildu hanna og útbúa svona sviðstjald. Svörin komu óðara og voru ótrúleg: „Það er of stórt. Við getum ekki gert það því það tekur of langan tíma, a.m.k. ellefu daga – ...en ef við gerum öll eitthvað.“ Þau klifruðu upp á sviðið og byrjuðu að mæla með líkama sínum. Þau mældu með því að telja hve mörgum sinnum þau opnuðu faðminn og mældu breiddina á tjaldinu með því að telja skrefin og þau áætluðu að málin á tjaldinu væru tuttugu og þrjú skref (Vecchi, 2002:39).

Þegar þau höfðu snúið aftur í leikskólann var stungið upp á því hvort börnin vildu endurskoða málin af tjaldinu í stóra miðrýminu í skólanum. Þar fundu þau út að tjaldið var jafnstórt öllu miðrýminu þar (Vecchi, 2002:42). Tíu dögum síðar fóru börnin í aðra heimsókn í leikhúsið og voru síðan spurð hvernig mynd væri víðeigandi á sviðstjald. Þau svöruðu þegar í stað: „Ég held að við getum teiknað leikhúsið en bara minna – en við verðum að gera falleg form – form sem eru jafnfalleg og himinninn – mikið af plöntum og blómum – hamingja og friður er fallegt, það væri skemmtilegt að teikna líka“ (Vecchi, 2002:54.) Eftir nokkrar vangaveltur hófu börnin að teikna. Þau teiknuðu af eldmóð og þegar eitt barnanna setti augu á laufið sem það hafði nýlengi við sagði það: „Plantan mín er að breytast. Af hverju gerum við þetta ekki svona þannig að hlutirnir sem við teiknum geta breyst í aðra hluti?“ (Vecchi, 2002:64). Upp úr þessu spruttu líflegar umræður um umbreytingar á hlutum, hvort þær ættu sér stað með töfrum og hvort hlutir gætu ráðið hvort þeir breyttust. Síðan sagði leiðtoginn börnunum að nú skyldu þau sjá hvort og í hvað plönturnar, dýrin og pláneturnar í teikningunum vildu umbreytast. Sumt umbreyttist, annað ekki og eftir stóðu blóm, plöntur og plánetur sem umbreyttust að hluta til og önnur sem kusu að umbreytast ekki (Vecchi, 2002:65-71).

Börnin teiknuðu margar myndir og valdi hvert þá mynd sem því þótti henta á tjaldið. Svo voru myndirnar skannaðar og skráðar í tölvu þar sem börnin gátu unnið margar breytingar, breytt stærðinni, útbúið mismunandi gerðir og skipt myndinni í hluta. Eftir að hafa verið og metið kosti og galla þess að vinna myndir í tölvu eða á blaði voru börnin beðin um að velja myndir og útbúa við þær nokkra texta. Textinn var settur í tölvuna og í rétt samhengi. Til þess að færa börnin nær raunverulegri stærð leikhústjaldsins var myndunum varpað á stórt blað sem náði frá lofti niður á gólf (Vecchi, 2002:76-80).

Nú var svo komið að leiðtoginn ákvað að skipta hópnum upp í stelpnahóp annars vegar og strákahóp hins vegar. Stelpurnar byrjuðu að vinna með langan pappír sem var lagður á gólfíð og var eins og tjald. Með því að hafa eina mynd á hverri glæru varð þeim auðveldara að raða og snúa myndunum eins og þær vildu. Stelpurnar vissu ekki hvernig þær áttu að byrja og voru svolítið óruggar svo að leiðtoginn hvatti þær áfram. Þá byrjuðu þær að búa til sögur um myndirnar: ein byrjaði og hinar bættu inn í og um leið

og þær spunnu hreyfðu þær myndirnar. Að lokum völdu þær mynstur sem þær höfðu raðað upp í ferning (Vecchi, 2002:84).

Strákarnir byrjuðu hins vegar á að hvíslast á. Þeir röðuðu myndunum í hring á blaðið og settu sólina efst, og byrjuðu að segja sögu af mikilli orðfimi. Hún byrjaði svona: „Einu sinni var drekafluga sem fór til sólarinnar og var þar allan veturinn. Svo þegar vorið og sumarið kom og það varð mjög heitt umbreyttist drekaflugan í minni drekaflugu og fór til að kæla sig í orkuhúsi mánans...“ Þegar sögunni var lokið voru þeir búnir að raða öllum myndunum í hring eins og keðju. Eini staðurinn sem var auður á blaðinu var efri hluti blaðsins á milli plantnanna og sólarinnar. Þeir tóku mynd af rós og létu hana á auða staðinn, sem lokaði þá hringnum. Þeir spjölluðu sín á milli: „Segjum sem svo að sólin umbreytist í rós...og rósinn umbreytist í sól! Ja há! Þannig umbreytist öll keðjan.“ (Vecchi, 2002:86). Að svo komu máli samanstóð hönnun hópanna tveggja af tveimur mismunandi myndum svo að nú þurfti að velja hvor hentaði betur.

Við sem störfum með börnum höfum lært að hafa trú á hæfileikum þeirra til að meta og sjálfsmeta. Því var hönnun hópanna tveggja látin fyrir framan börnin og þau beðin að koma með athugasemdir og velja svo aðra hvora. Strákarnir voru sáttir við sína hönnun. Stelpurnar voru í vafa og ráku í vörðurnar en að lokum ákváðu þær að velja hönnun strákanna. Nú þurfti að ákveða hvernig hægt væri að breyta myndunum í tjald sem yrði sett upp í leikhúsi. Málverk eru börnum kunnugleg reynsla svo að stórt málverk gat verið besta lausnin. Börnin voru óþreyjufull að byrja að mála. Verkið var unnið í hlutföllum svo börnin máluðu mynd sem var 3x6 metrar þótt tjaldið væri 6x12 metrar. Þrátt fyrir þetta var ekki hægt að vinna svo stórt verk í skólanum svo að stjórn leikhússins bauð þeim að vinna á háalofтину í leikhúsinu (Vecchi, 2002:88-94).

Leiðtoginn varð börnunum úti um akríl og sjálflýsandi málningu, ýmiss konar pensla og tröppu svo að börnin gætu skoðað allt verkið ofan frá. Því lengra sem verkinu miðaði jókst skilningur barnanna og þau veltu fyrir sér hvað þau höfðu gert. Leiðtoginn keypti stafræna myndavél sem börnin lærðu fljótlega að nota til að skrá aðferðina (Vecchi, 2002:97-104). Þegar nær dró lokum var málverkið ljósmyndað, sett á stafrænt form og prentað á eldvarið bómullarefni. Þegar öllu var lokið var tjaldinu komið fyrir í Ariosto leikhúsinu. Óformleg forsýning var undirbúin með öllum börnunum sem tóku þátt og fjölskyldum þeirra. Þegar börnin sáu tjaldið tilbúið létu viðbrögðin ekki á sér standa. Þau hlupu að því og vildu snerta það og reyndu hvert um sig að gefa verkinu nafn. Fáeinum dögum síðar var tjaldið vígt opinberlega þann 5. mars 2000.

Í verkefninu komu fram tvö undirstöðuatriði: Hugmynd umbreytingarinnar og frásagnarferlið sem varð grundvallaraðferðin í vinnunni og helsti þátturinn sem leiddi til hringlaga myndar. Börnin kynntust ánægju þess að skapa í sameiningu, fundu fyrir spennunni sem fylgir krefjandi verkefni, erfiðri vinnu og gleðinni sem fylgir árangri. Þau lærðu að fylgja hugmyndum sínum, deila þeim með öðrum og breyta í orð og teikningar (Vecchi, 2002:120).

Hvernig liði manni eftir að hafa unnið slíkt starf, afrek með börnum? Ég get getið mér til um það, „frábærlega“. Verkefnið sýnir og sannar að börn eru frjóir einstaklingar sem

geta, vilja og framkvæma. Þau unnu eftir sínum hugmyndum og hugsunum og með aðstoð kennarans mótuðu þær á blað sem varð að lokum stórkostlegt verk. Mitt álit, einstakt þrekvirki.

## Í lokin

---

Upplifun mín eftir að hafa skrifað um þetta þrekvirki leiðtogans er að ég hef fengið betri innsýn í stjórnunarhætti hans í starfi með börnum. Hvernig leiðtoga leiðir börnin áfram með opnum spurningum og hvernig þau læra að rannsaka og leita svara. Leikhúsverkefnið er eitt lýsandi dæmi um hvert fagleg stjórnun getur leitt börn og leiðtoga.

Ég fór til Reggio í febrúar 2004 ásamt fleira fagfólki frá Íslandi. Það var stórkostlegt og helst hefði ég viljað setja alla þekkinguna í poka og tína svo smátt og smátt upp úr honum þegar heim væri komið. Við sem vinnum í anda Reggio eigum skemmtilegt og krefjandi starf fram undan. Ef við ætlum að standa jafnfætis Reggio leikskólunum þurfum við að ná tökum á þeirri tækni sem beita á til að ná þeim árangri sem starfsaðferðin kallar á. Það kallar hins vegar á þrotlausa vinnu og trú á sjálfan sig og ekki síst á fagmannlegan leiðtoga.

## Heimildir

---

Giudici C., Rinaldi C., Krechevsky M. (2001). *Making learning visible*. Children as individual and group learners. Reggio Emilia, Reggio Children.

Guðrún Alda Harðardóttir. (1997). Uppeldisleg skráning/gagnaöflun. *Athöfn*, 1,32:69-71.

Sigríður Síta Pétursdóttir. (2002). Leikskólinn minn, þar sem ævintýrin gerast. *Röggur*, 1,4:13-24. Sótt í nóvember 2004 af <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%20tbl4ar.pdf>

Sigríður Síta Pétursdóttir. (2001). Skarpari sýn. *Röggur*, 1,3:1-2. Sótt í nóvember 2004 af <http://vefir.unak.is/roggur/roggur1tbl%203ar.pdf>

Vecchi V. (1997). Vi måste simma i samma hav. Om kommunikation, om at lyssna och förundras. *Modern Childhood*, nr.4: 22-25. Reggio Emilia Institutet.

Vecchi V. (2002). *Theater Curtain*. The ring and transformations. Reggio Emilia, Reggio Children.



## Að passa börn og mennta

Sigríður Síta Pétursdóttir, sérfræðingur skólaþróunarsvið

Mig langar til að segja ykkur sögu, sögu af ungri konu. Sagan hefst um 1976, ég veit hins vegar ekki hvenær hún endar.

### Að passa börn

---

Það var sumarið 1976 að unga konu, við skulum kalla hana Sögu, vantaði vinnu og leikskólann í sveitinni vantaði starfskraft, þar sem Saga hafði reynslu af því að passa börn fyrir fólkið í sveitinni, frá því hún var 12 eða 13 ára, þá ákvað hún að slá til.



Leikskólinn var staðsettur í kjallaranum á stóru húsi sem upphaflega hafði verið byggt sem bústaður fyrir lækni sveitarinnar og hafði því fengið nafnið „læknisbústaðurinn“, en læknirinn hafði aldrei flutt þar inn. Þarna dvöldu 36 börn á aldrinum 4 - 6 ára og 2 konur sem gættu þeirra. Rými leikskólans skiptist í eitt stórt herbergi, eina snyrtingu sem bæði fullorðnir og börn notuðu og forstofu ásamt löngum gangi, gluggar voru upp við loft, enda voru þær ekki ráðnar til að horfa út um gluggana eins og ein mæt kona sagði eitt sinn. Ekki var nú verið að spandera í sér kaffistofu fyrir konurnar enda voru þær þarna til að gæta þessara 36 barna, en pásu urðu þær að fá af og til, svo kaffiastaðan var eldhúsinnrétting á einum veggnum í endanum á langa ganginum.

Börnin komu með nesti að heiman sem þau borðuðu í nestistímanum, u.þ.b. 20 börn sem voru allan daginn komu með cherrios, jógúrt og annað slíkt til að borða í hádeginu, svo bætist aftur í hópinn eftir hádegi.

Eins og gefur að skilja þurfti að vera mikið og gott skipulag á hlutunum svo ekki kæmi til árekstra í þessum stóra hóp. Það voru ákveðnir nestis- og pissutímar, pissutímarnir voru fyrir nestistímana og útivistina, þá fóru allir í röð, því það komst bara einn að í einu. Í samverustund las önnur á meðan hin fékk pásu og svo fóru allir út. Það var lítið til af leikföngum og aðkeyptu föndurefni, svo það var bara notað það sem til féll hverju sinni, í dag væri það kallað endurnýtanlegur efniviður. Til að gæta öryggis í göngutúrum héldu börnin í lykkjur á bandi, tvær konur með 36 börn önnur fremst hin aftast og börnin á milli. Bækur voru fremur fáar svo það reyndi á frásagnarhæfileika kvennanna og eins var farið á bókasafnið reglulega og bækur fengnar að láni, eða komið með bækur að heiman.

### Geymslustaður breytist í leikskóla

---

Þegar eitthvað var liðið á haustið 1976, flutti starfsemi leikskólans í nýtt húsnæði, sveitarstjórnin hafði keypt gamalt íbúðarhús og breytt því í leikskóla. Þetta var nú aldeilis munur, að vísu þurfti að deila hluta hússins með körlunum í Áhaldahúsi hreppsins í smátíma, en það var hið besta mál.

Við flutninginn fjölgaði bæði börnum og konum. Það var því nauðsynlegt að kaupa eitthvað af leikföngum og eitt og annað sem ekki hafði verið til, en var talið sjálfsagt að væri til í hverjum leikskóla.

Við ársuppgjör sveitarfélagsins komu skilaboð frá sveitarstjóranum, „gætið ykkar leikskólinn er hættur að skila hagnaði, það gengur ekki að sveitarfélagið þurfi að borga með leikskólanum“. Forstöðukonan tók að sér að ræða við yfirvaldið og upplýsa þá um eitt og annað varðandi leikskólarekstur og þeir jöfnuðu sig á þessu áfalli.

Það þurfti að punta í kringum sig, svo að á meðan börnin léku sér var eins gott að nota tímann og konurnar þrjónuðu fígúrun, hekluðu gardínur og saumuðu og þrjónuðu dúkkuföt og fleira finerí.

Einhver uppgötvaði að það var til eitthvað sem hét undirbúningstími, en það hafði borist sú fregn úr höfuðstaðnum að fóstur fengju undirbúningstíma í vinnunni, þarna hljóp nú aldeilis á snærið hjá konunum, önnur gat verið inni og dregið upp snið klippt út og merkt hverju barni svo allt væri tilbúið fyrir þau til að lita, mála eða líma, á meðan hin var úti og fylgdist með að enginn færi sér að voða. Sú deild var best útbúin sem átti flest sniðin, þar var líka framleiðslan mest.

## **Fræjum sáð**

---

Stundum slæddust fóstur inn í leikskólann og tóku að sér forstöðukonuhlutverkið og þær komu með nýngar eins og t.d. undirbúningstímana. Eitt sinn kom nemi frá Fósturskólanum í leikskólann, nú var aldeilis gaman, þessi forframað kona gat nú kennt þeim eitt og annað. Hún var með alls kyns verkefni með sér í farteskinu, verkefni sem voru framandi og spennandi, það voru gerðar ýmsar tilraunir og það heyrðust ný orð, í kaffitímanum voru umræður sem snerust um uppeldi og annað því tengt. Eitthvað fór nú að gerast í huga Sögu, hún fór að hafa áhyggjur af því að hún væri kannski ekki nógu góð í þessu starfi, t.d. var töluverð umræða um að ekki mætti banna börnum, þau ættu að hafa frelsi, stundum varð þetta dálítið ruglingslegt því það þurfti að hafa styrka stjórn og ákveðin ramma til að geta haldið utan um allt sem þurfti að láta börnin gera svo starfið færi ekki úr böndunum. Vesalings börnin fengu oft tvöföld skilaboð. Þau máttu ráða en konurnar ákváðu það sem „skipti máli“. Í huga Sögu urðu oft mikil átök því hún hafði engar forsendur til að skilja þetta allt, en hafði þó einhverja hugmynd um að sumt af því sem gert var stangaðist á við það sem hún taldi vera rétt, t.d. þessi mikla forsjáhyggja vegna barnanna því var hún ekki sammála.

Fóstruneminn hafði sáð einhverju fræi í huga Sögu, hún stalst stundum á bókasafnið til að lesa um uppeldismál þó ekki væri af miklu að taka og varð eiginlega bara en ruglaðri og vangaveltunum fjölgaði.

Árin liðu og áfram hélt starfið, fyrir jólin var yfirleitt nóg að gera og byrjaði vertíðin yfirleitt í nóvember, það þurfti að draga upp snið og klippa út jólaskóinn, börnin máluðu hann rauðan og límdu bómull framan á hann, stundum þurfti að „laga 'ann“, áður en skórin var sendur heim. Þetta var Saga ekki sátt við en vissi ekki hvernig hún gat breytt því. „Maður sendir ekki heim „illa“ málaðan jólaskó“, um það var starfsmannahópurinn nokkuð sammála. „En þá er þetta ekki alveg eftir barnið“, sagði Saga, „ég ætla ekki að laga eftir mín börn“. Úpps, hún hafði sagt það, hún var farin að

hafa skoðanir, hinar eldri og reyndari konur leikskólans, reyndu að tala um fyrir Sögu og hún fékk oft ofaní gjöf fyrir barnaskapinn, „það sem henni getur dottið í hug“.

Með Sögu á deild, var leikskólareynd kona, kona sem hafði unnið í leikskóla í Reykjavík og sú kunní nú eitt og annað fyrir sér, hennar hugmyndir fóru oft saman með hugmyndum Sögu, svo þær tvær voru stundum svolítið sér á parti.

Árin liðu og efasemdir Sögu jukust, hún var ekki alltaf sátt við það hvernig unnið var en vissi ekki hvernig hún átti að bregðast við, það var alltaf fleira og fleira sem stangaðist á við hennar hugmyndir um barnauppleði.

## Skipulag og efasemdir

---

Eitt af því sem skilaði sér úr höfuðstaðnum með hinum lærðu konum var skipulag og skipulagðar samverustundir, allt skildi skipulagt fyrirfram, það fór mikill tími í að skrifa niður, allt var handskrifað, það var nú frekar gert af vilja en kunnáttu enda engin af starfsmannahópnum lærð föstra nema forstöðukonan. Bækur og söngtextar voru valin fram í tímann og þær (bækurnar) lesnar og lögin sungin, þó börnin hefðu ekki alltaf brennandi áhuga, en það gekk ekki að breyta út af áætlun, enda mikill tími farið í gerð hennar. Saga skildi þetta ekki almennilega og hafði áhyggjur af því, en svona var víst unnið í höfuðstaðnum þar sem allar lærðu föstrunnar voru svo það var nú eins gott að fylgja því.



Nú var Saga komin með verulegar efasemdir um að þetta starf væri eitthvað sem hún ætti að halda sig við, hún hafði að vísu mikla ánægju af að vinna með börnunum og var í essinu sínu þegar hún gat verið ein með þeim, þá var oft fíflast og hlegið og brugðið út af skipulaginu. En allt þetta skipulag, öll þessi boð og bönn, þú átt að gera hlutina svona ekki hins veginn, en samt var líka þetta með að ekki mátti banna börnum, úff nei þetta var ekki fyrir hana. „Ekki fíflast þá gat maður misst tókin“ voru skilboðin sem gerði útslagið.

Hún hætti og fór að vinna á skrifstofu, það hlaut að vera betra, en það var nú eins og að setja fugl í búr og entist því ekki lengi.

## Að verða föstra

---

Eftir miklar vangaveltur ákveður Saga að sækja um í Fósturskólanum, hún varð að láta á þetta reyna og komast að því hvað þarna fór fram. Mikið varð hún hissa þegar hún loksins þorði að opna bréfið frá Fósturskólanum, en það hafði legið í dálítinn tíma óopnað á náttborðinu, þar stóð að henni hafði verið veitt innganga og átti að byrja um haustið.

Í skólanum var margt brallað bæði þarft og óþarft, Saga lærði nú allt um kenningar og aðferðir, dagskipulag og atferlisathuganir, sálarfræði og listgreinar og hvað eina. Henni varð oft hugsað til blessaðra barnanna sem hún hafði gætt fyrir sveitunga sína og vonaði að þau hefðu ekki borið skaða af, þar sem hún hafði ekki vitað allt þetta með þróunarsálarfræðina og það allt saman.

En þrátt fyrir öll þessi finu orð og allt það sem hún lærði þá var alltaf einhver spurning einhvers staðar í höfðinu á henni sem hún fékk ekki svar við, því hún kunni ekki að orða hana. Enda hvað vissi hún svo sem.

Eftir útskrift réð Saga sig að sjálfsögðu á dagheimilið sem hafði verið byggt á meðan hún var í burtu. Þeir voru nú nokkrir veggirnir sem Saga gekk á þegar hún hugðist koma með alla sína visku og ausa yfir starfsmannahópinn. Það voru nú ekki allir á því að hleypa henni upp með sínar skrýtnu hugmyndir, þarna mættust tveir pólar, þessar með reynsluna, konur sem höfðu eignast sín börn og unnið mislengi í leikskóla og á dagheimili og svo þessar nýútskrifuðu, að vísu áttu sumar þeirra börn og höfðu mislanga reynslu af leikskóla og dagheimili, en þær höfðu lært og töldu sig fremri fyrir bragðið. Þær sem fyrir voru ætluðu sko ekki að láta segja sér fyrir verkum. Þetta gekk nú ekki alveg eins og planlagt hafði verið.

Það vildi Sögu þó til happs að fóstara með reynslu, réð sig um svipað leyti og hún á dagheimilið, svo hún fékk að vera óbreytt fóstara sitt fyrsta ár.

Það var mikið rætt um markmið og leiðir og uppeldisáætlunin (bleika bókin eins og hún var kölluð), var þeirra biblía, þar sem þar stóð var nánast heilagt og eins gott að reyna að koma hinum óbreyttu í skilning um það, en þær voru nú ekki allar alveg á því að frelsast.

Það þurfti að efla foreldrasamstarfið, gefa út fréttabréf, hafa foreldrakaffi, foreldrafundi og stofna foreldrafélag, þetta gekk nú svona og svona, foreldrar flykkust nú ekki beinlínis í þetta allt, en það var hið besta mál, því nú voru það gæði en ekki magn sem gildi, það hlaut að gilda um foreldrasamstarfið líka og þáttöku þeirra.

Eitthvað gekk nú Sögu brösuglega að miðla þessari visku yfir til annarra og þar sem hún virtist liggja vel við högg, þá fékk hún á sig ýmsar pillur og áður en þessi fyrsti vetur var liðin var hún alveg að gefast upp. Nú voru góð ráð dýr, átti hún að láta hrekja sig burt án þess að svara fyrir sig eða átti hún að þora að standa upp fyrir sjálfri sér. Hún tók ákvörðun og fékk leyfi til þess að hafa smá hugleiðingu á einum starfsmannafundinum, hugleiðingu um einelti, mikið barðist hjartað hratt, en viti menn þetta hafði áhrif og smám saman breyttist viðmót hina gagnvart henni og hún ákvað að halda áfram.

Að vera fyrirmynd fyrir börnin, var mjög mikilvægt og eins það að börnin þekktu uppruna sinn. Svo þannig mætti verða skildi börnunum kennd kjarngóð íslenska og kjarngóð íslensk lög og kvæði, farið á Þjóðminjasafn, Árbæjarsafn og Þingvelli og tekið fyrir allt sem íslenskt er, haldið þorrablót og borðaður íslenskur matur. Foreldrar þurftu stundum að fá útskýringu á þeim orðum sem börnin fór allt í einu að nota yfir hversdagslega hluti, því það þýddi ekkert að vera með dönskuslettur eins og að segja kartöflur þegar til var orðið jarðepli yfir sama fyrirbæri og svo mætti lengi telja.

Ekki gekk að vera með útlenska jólasveinaímynd svo börnin lærðu jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum og á litlu jólunum var sýning fyrir hin börnin og foreldrana. Þar klæddust börnin sauðskinsgærum og lopapeysum, lopahúfum og hnéháum ullarsokkum og fóru með kvæðið, þau höfðu sjálf búið til leikmuni úr efnivið sem þau fundu með hjálp fóstara og foreldra.

## Fóstra verður leikskólakennari

---

Svo gerist það að fóstur breyttust í leikskólakennara og dagheimili í leikskóla, þetta var nú aldeilis munur, nú ykist virðingin fyrir starfinu og meira mark tekið á því sem fram færi innan veggja leikskólans.

Til að svo mætti vera varð að gera starfið sýnilegt og vinna markvisst; þemavinna, valsvæði, hópastarf, leikfimi, kubbornir, ekki gleyma kynjaskiptingunni, skólahópum og heimspekinni. Allt þurfti þetta að rúmast innan dagsins eða vikunnar, í það minnsta innan leikskólans, allir urðu að ganga í gegnum allt, það gekk ekki að sleppa neinu.

Aftur fór röddin af stað í höfðinu á Sögu, röddin sem sagði að þetta gæti ekki verið svona, það hlyti að vera hægt að finna einhverja leið þar sem allt rúmaðist innan án þess að þurfa þetta gríðarlega klukkuskipulag, þar sem ekkert mátti út af bregða. Hverjum var eiginlega verið að þjóna?

Það fóru ófáir starfsmannafundir og skipulagsdagar í að ræða allt þetta skipulag og reyna að samræma vinnubrögð, að ekki sé nú minnst á fræðsluna til leiðbeinandanna.

Smám saman kom hópurinn sér saman um aðferðir og vinnubrögð, umræðurnar halda áfram og það gerir lífið í leikskólanum líka.

## Að lokum

---

Saga hefur þroskast nokkuð síðan hún steig sín fyrstu skref í leikskóla, fyrir um 29 árum. Flestar vangaveltur sínar hefur hún lært að orða og fengið svör við nokkrum af þeim. Hún er sannfærðari um það en nokkru sinni fyrr, að það er ekkert eitt svar réttara en annað, engin ein leið betri eða réttari en önnur, svo lengi sem maður fylgir sannfæringu sinni.

Saga er enn að velta fyrir sér nokkrum spurningum, sem gaman væri að skilja hér eftir:

- Hvað er það sem skiptir mestu máli í starfinu í leikskólanum?
- Hvers vegna tapa fullorðnir oft eiginleikanum til að sjá allan litaskala tilverunnar?
- Hvað er barnsýn?
- Eiga allir að geta allt?
- Þurfa allir að taka þátt í öllu?
- Vita hinir fullorðnu alltaf hvað börnum er fyrir „bestu“?
- Fyrir hvern er leikskólinn?

